

Alþingi

Ath Erindi nr. P 119 / 86

komudagur 8 / 6 1995
GRIT

RAUNVÍSINDASTOFNUN
Dunhaga 3, 107 Reykjavík.

Frá Dr. Þorsteini I. Sigfússyni prófessor og stjórnarformanni RH
sími 5694690; Fax 5528911. 7.6.1995

Hr Alþingismaður
Vilhjálmur Egilsson
Formaður Efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
Reykjavík
563 05 20

Efni: Tollar vegna innflutnings "álrusls"

Rannsóknahópur við Raunvísindastofnun hefur undanfarin misseri skoðað gjörvileika þess að vinna ál á ný úr svokölluðu álkrap sem til verður hjá Ísal í venjulegri framleiðslu og numið getur um 1200 tonnum af áli á ári. Skýrsla þessa efnis unnin fyrir Umhverfisstofnun var gefin út í janúar s.l.

Ný aðferð sem byggir á plasmataekni getur unnið þetta ál á ný og gert það að söluvöru. Í áliðnaðinum falla til allt frá 1% til um 4% álkrap af því tagi sem lýst er.

Niðurstaða athugunarinnar var að hér á landi gæti borgað sig að nota rafmagn og plasmataekni til að endurvinna ál úr álgjalli og bæta við brotaáli og hugsanlega innfluttum álríkum efnum sem til falla við framleiðslu áls.

Tollur sem lagður yrði á slíkan innflutning gæti skipt sköpum um gjörvileika innlendrar úrvinnslu og yrði því fjötur um fót ráðagerða um notkun rafmagns til álvinnslu á Íslandi.

Lagt er til við Alþingi að tollur verði felldur niður á umræddri vöru.

Virðingarfyllst,

